

Fimmtudaginn 6. mars 1997.

Nr. 91/1997.

Tollstjórinn í Reykjavík

(Gunnar Árnason lögr.)

gegn

Handknattleiksdeild Fylkis

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Aðildarhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. febrúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. febrúar 1997, þar sem hafnað var beiðni sóknaraðila um gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. febrúar 1997.

Með bréfi, sem barst dóminum 16. september 1996, krafðist tollstjórinn í Reykjavík, kt. 650269-7649, Tryggvagötu 19, Reykjavík, þess, að bú Handknattleiksdeildar Fylkis, kt. 570183-0519, Fylkisvegi 6, Reykjavík, yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Krafa skiptabeiðanda er reist á 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, en árangurslaust fjárnám var gert hjá Handknattleiksdeild Fylkis 4. júlí 1996.

Kröfu skiptabeiðanda var vísað á bug með bókun í þingbók 4. nóvember 1996, þar sem hvorki í beiðni tollstjórans í Reykjavík né öðrum fylgigögnum væri að finna þær upplýsingar, sem krafist er samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 1. mgr. 66. gr. sömu laga. Ekki yrði séð, hvort Handknattleiksdeild Fylkis væri félag eða annar lögaðili í skilningi 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Með bréfi, dagsettu 13. janúar 1997, krafðist skiptabeiðandi þess, að krafan yrði tekin fyrir að nýju á dómþingi og að úrskurður gengi um höfnun hennar, ef þeirri afstöðu yrði haldið til streitu. Beiðnin var tekin fyrir á dómþingi 21. janúar 1997. Skiptabeiðandi ítrekaði kröfu um, að úrskurður gengi um þá ákvörðun dómsins að vísa kröfu skiptabeiðanda á bug.

Skiptabeiðandi hefur lagt fram yfirlit úr Þjóðskrá, þar sem fram kemur, að Handknattleiksdeild Fylkis er á skrá yfir fyrirtæki og henni hefur verið veitt kennitala, og enn fremur er rekstrarform hennar tilgreint „félagasamtök“. Hvorki kemur fram, hver sé í fyrirsvari fyrir Handknattleiksdeild Fylkis né hvernig ábyrgð á skuldum, sem stofnað er til í hennar nafni, er háttað. Skiptabeiðandi hefur lýst yfir því fyrir dóminum, að hann hafi ekki aðgang að frekari gögnum um starfsemi og skipulag skuldara.

Beiðni skiptabeiðanda fullnægir ekki öllum skilyrðum 2. tl. 1. mgr. 7. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991, sbr. 1. mgr. 66. gr. sömu laga. Heitið Handknattleiksdeild Fylkis bendir til, að um sé að ræða deild innan Fylkis, sem að fyrra bragði verður því að ætla, að sé háð boðvaldi stjórnar Fylkis og hafi ekki sjálfstæðan fjárhag. Með hliðsjón af 1., 4., 5. og 7. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. verður að telja það grundvallarskilyrði þess, að tiltekin eind verði tekin sjálfstætt til gjaldþrotaskipta, að hún njóti rétt hæfis sem félag eða stofnun og að félagsmenn, ef um félag er að ræða, beri ekki ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess. Skiptabeiðandi hefur ekki sýnt fram á, að krafist sé skipta á félagi eða stofnun, sem geti sjálfstætt borið réttindi og skyldur, en skráning Handknattleiksdeildar Fylkis samkvæmt lögum nr. 62/1969 um fyrirtækjaskrá sem „félagasamtök“ með eigin kennitölu gefur ekki vísbendingu um fyrrgreind atriði. Samkvæmt framangreindu verður að hafna kröfu tollstjórans í Reykjavík um, að bú Handknattleiksdeildar Fylkis verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Áslaug Björgvinsdóttir dómarafulltrúi kvað upp þennan úrskurð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu tollstjórans í Reykjavík um, að bú Handknattleiksdeildar Fylkis verði tekið til gjaldþrotaskipta, er hafnað.